

Fundur 2.10.2023 Frönsk kona Chanett, var uppi fyrir um 600 árum.

Komið þið öll sæl.

*Velkomin og sæl.*

Skynjum við til ykkar og skynjum við það að samböndin eru mis góð og koma frá ýmsum aðilum, ég hef verið lengi í þessu og hef ég yfirleitt hlustað og við komumst ekki alltaf að og það eru margir sem bíða.

Og sama tíma og ég legg mig eftir kærleikanum og samhljómi hnattanna og andlegri speki, þá reyni ég að fylgjast með blómunum vaxa og tengja mig jörðinni og vera úti í náttúrunni og gleymi ekki að sinna þeim einföldu þörfum og hlusta betur á líkamann og umhverfið.

Við vitum að fundir ykkar eru tilrauna fundir á gömlu jörðinni þar sem almenn þátttaka er ekki orðin mikil hjá ykkur, en ég er úr hópi fjölmargra þeirra sem vona hið besta og reyna að senda orkuna áfram og að hún vindi hring í kringum lífstöðvarnar.

Og þegar maður eitt sinn var, fæddist á gömlu jörðinni, frumlífs jörðinni, þá spyr maður sig margra spurninga um það hvernig lífið byrjaði og afhverju það varð með ákveðnum hætti og vill gjarnan hjálpa frumlífs jörðinni og fólkinu sem er þar og maður spyr sig hvers vegna frumlífið er með ákveðnum hætti og hvers vegna maður lifði ákveðnu æfiskeiði og ekki einhverju öðru.

Og ég er ein af mörgum á minni jörð sem viljum komast í gegn og ná til sem flestra frumlífs hnatta. Höfum við talað við marga á frumlífs hnöttum og tökum eftir hvað ástandið er margbreytilegt og finnst mér eins og fólk sé almennt mjög svipað og það var þegar ég yfirgaf gömlu jörðina og dó í burtu, að fólk er að hugsa um að lifa af og fólk er að hugsa um vandamál lífsins og komast af og hafa í sig og á.

Og atburðir þeir sem ég man eftir úr gömlu lífskeiði mínu á jörðinni eru eins og í brotum en sumt er mjög skýrt og finnst mér einhvern veginn eins og fátt hafi breyst, en ég held þó að þið hafið það betra heldur en við höfðum það, á sínum tíma.

Og margar framfarir sem hafa orðið á samfélagi mannanna á gömlu jörðinni og núna upp á síðkastið frá því að ég kom fram á þessum hnetti, hefur mér fundist það æ mikilvægara að hjálpa fólkinu á frumlífs jörðunum svo að helstefnan nái þar ekki tökum, en okkur eru takmörk sett og fátt sem við getum gert.

Hef ég að vísu talað við marga frá gömlu jörðinni og hef ég talað við fjölmarga sem komnir eru fram á framlífs jörðum og segja þar sína sögu af því hvernig líf þeirra hefur yfirleitt breytst til batnaðar og er það ánægjulegt en er það sjaldgæfara að okkur takist að komast í samband við gömlu frumlífs jörðina okkar.

Og oft er það nú svo þegar við reynum að ná sambandi að þá eru langflestir sannfærðir um að við séum andar, en er ég að vísu ekki andi heldur holdleg vera og samt er það nú svo merkilegt að þegar við tölum við fólk sem telur okkur vera anda að þá getum við komið mörgu merkilegu í gegn og eins sönnunum um að við séum lifandi og höfum lifað áður og höfum minningar frá jörðunni.

Já ég hef helgað líf mitt æ meir því að hjálpa öðrum og kem því miður ekki öllu að sem ég ætlaði mér hér í kvöld, orkan finnst mér minnka, reyni ég að segja nafn mitt.

Tökum við á móti mörgum sem voru veikir, mun ég kannski segja frá því síðar. Ætla ég að reyna að lýsa frumlífi mínu og var upp fyrir um það bil 600 árum í Frakklandi, Chanett, bændasamfélag, fór svo á hnött þar sem kristnin var harðari, þar voru meiri erfiðleikar og, orkan er nú að minnka.

Komst ég á þennan hnött og hef sinnt hjúkrun og frönsk kona Chanett, það var stjórnvöld sem, ríkidæmi við hirðina en fólk sem var fátækt, verð ég nú að kveðja ykkur að sinni, verið þið sæl.

Og þakka ég kærlega fyrir gott samband og reynum við alltaf að senda orku, verið þið sæl.

*Vertu blessuð og sæl.*